Kalastaðir

Þetta var vestasta býlið í suðvesturshorni hreppsins, hjáleiga frá Stokkseyri og er fyrst getið 1681. Bærinn stóð á bökkum Hönguðelar sunnanvert, örstutt frá sjó. Þarna er sjávarbakkinn hvað hæstur, en þó hefur sjór vaðið yfir og skilað sljettu sandtúni. Á Kalastöðum var alltaf þokkaleya búið, enda átti jörðin engja blett útmeð Hönguðel, töðugeft lingresi og seftjarnir, sem gaf 2-3 kýrfóður. Þurfti því lítið að sokja heyskap á Breiðamyri.

Síðustu ábúendur voru:

1929-1957 Símon Stuðlaugsson og Viktorsa Ketilsd.

Aðrir ábúendur:

1899-1901 Þóra Jónsdóttir ekkja eftir Sigurð Egjólfsson
1901-1902 Egjólfur Sigurðsson og Sigríður Gísladóttir
1902-1929 Ketill Jónasson og Hildur Vigfúsdóttir

Fasteignamat 1977: Jörð 160 þús., hús 127 þús
Fm. 1861: 5.36 hundr.